



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Félagsráðsfundur miðvikudaginn 28.04.2010 kl. 18:00

Mættir:

Frá almenningsíþróttadeild	- boðuð forföll
Frá blakdeild	- Arnar Smári Þorvaldsson
Frá fimleikadeild	- Sigrún Dan Róbertsdóttir
Frá handknattleiksdeild	- Baldur Örn Svavarsson
Frá knattspyrnudeild	- Almar Guðmundsson
Frá körfuknattleiksdeild	- Gunnar Kristinn Sigurðsson
Frá sunddeild	- boðuð forföll

Frá aðalstjórn – Snorri Olsen, Jóhann Steinar Ingimundarson, Pálína Hinriksdóttir, Þorsteinn Rafn Johnsen, Þorsteinn Þorbergsson og Sara Rut Unnarsdóttir.

Einnig sátu fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð og Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir íþróttafulltrúi félagsins.

Fundargerð

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð síðasta fundar
Um er að ræða fyrsta félagsráðsfund í langan tíma. Engin fundargerð liggur fyrir til samþykktar.
2. Fyrirkomulag félagsráðsfunda
 - Framkvæmdastjóri mun senda formönnum deilda yfirlit yfir áætlaða félagsráðsfundi fram að næsta aðalfundi félagsins.
 - Fundir verða framvegis boðaðir með viku fyrirvara og þurfa málefni sem óskast tekin upp á fundunum hafa borist framkvæmdastjóra 3 dögum fyrir fund. Framkvæmdastjóri mun síðan senda út dagskrá fundarins með 2 daga fyrirvara.
3. Siðareglur UMF Stjörnunnar
 - Drög að siðareglum UMF Stjörnunnar lágu fyrir fundinum og höfðu verið send fundarmönnum til kynningar.
 - Rætt um mikilvægi þess að kynna reglurnar með skilvirkum hætti. Í því sambandi nefndar leiðar eins og dreifing, plaköt með úrdrætti, samstarf við skóla, samanburður við handbækur deilda og samninga við þjálfara, bréf til þjálfara.
 - Íþróttafulltrúi mun gera tillögu til aðalstjórnar um hvernig kynningu verður háttað.
 - Stefnt er að staðfestingu reglnanna á næsta fundi aðalstjórnar 05.05.10. Deildum gefst tækifæri til að gera lokaathugasemdir mánudaginn 03.05.10. Berist engar athugasemdir fyrir þann tíma skoðast reglurnar samþykktar á félagsráðsfundi 28.04.2010.
4. Íþróttaskóli Stjörnunnar
 - Fyrir fundinum liggja drög að Handbók Íþróttaskóla Stjörnunnar sem höfðu verið send út til kynningar. Drögin höfðu einnig hlotið umfjöllun á fundi samráðshóps um barna- og unglingarstarfs félagsins.
 - Góður rómur gerður að innihaldi bókarinnar.
 - Stefnt er að staðfestingu handbókarinnar á næsta fundi aðalstjórnar 05.05.10. Deildum gefst tækifæri til að gera lokaathugasemdir mánudaginn 03.05.10. Berist engar athugasemdir fyrir þann tíma skoðast handbókin samþykkt á félagsráðsfundi 28.04.2010.
5. Afmælisnefnd Stjörnunnar
 - Farið yfir fyrirbyggjandi tillögur um viðburði á 50 ára afmælisári félagsins.
 - Deildum gefst tækifæri til ábendinga til mánudagsins 03.05.10.



6. Önnur mál
 - a. Rekstraráætlanir deilda
 - i. ÞP kynnti hvernig til stendur að bera saman áætlanir og rauntölur úr rekstri deilda félagsins.
 - ii. ÞP tilkynnti að deildir skuli skila fyrstu útgáfu rekstraráætlunar fyrir næsta keppnistímabil innan þriggja vikna.
 - b. Munntóbak
 - i. ÞP hóf umræðu um munntóbak og skaðsemi þess. Fundarmenn sammála um að leita þurfi leiða til að útrýma þessum vágesti úr umhverfi félagsins.
 - c. Fundargerðir deilda
 - i. JSI fór yfir mikilvægi þess að formlegar fundargerðir séu haldnar í deildum félagsins og lagðar fyrir aðalstjórn til kynningar. Ákveðið að hafa sérstaka umræðu um málið á næsta félagsráðsfundi.
 - d. Stjörnugallinn
 - i. JSI reifaði hugmyndina að sameiginlegum utanyfirgalla allra deilda félagsins. Málið rætt og ákveðið að vinna það áfram fram á næsta félagsráðsfund.

Fundi slitið kl. 19:20, ritað PGr.